

Reglur um starfsemi útfararþjónustu.

13. gr.

Kirkjugarðsstjórn skal samhliða ákvörðun um rekstur útfararþjónustu setja slíkri starfsemi reglur um framkvæmdastjórn, starfsfólk, verkefni, markmið um arðsemi rekstrar, reikningsskil o.fl. og skulu þær reglur bornar upp til samþykktar á fundi í kirkjugarðsstjórn.

Reikningsskil fyrir útfararþjónustu.

14. gr.

Gera skal sérstakan ársreikning um rekstur og efnahag útfararþjónustu og skal sá reikningur endurskoðaður af löggiltum endurskoðanda.

Reikningurinn skal að lokinni endurskoðun sendur Ríkisendurskoðun fyrir 1. júní ár hvert fyrir næstliðið ár.

Lagagrundvöllur - gildistaka.

15. gr.

Reglur þessar sem samdar eru af kirkjugarðsstjórn Kirkjugarða Reykjavíkurprófasts-dæma á grundvelli 51. gr. laga 36/1993 um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu staðfestast hér með til að öðlast gildi þegar í stað.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 19. apríl 1995.

Þorsteinn Pálsson.

Hjalti Zóphóníasson.

AUGLÝSING**um friðun æðarvarps og sellátra í Dalasýslu.**

Samkvæmt ákvæðum laga um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, nr. 64/1994, er hér með ákveðin friðlýsing alls æðarvarps innan marka Dalasýslu, á sama hátt og gert var árlega á manntalsþingum í hverjum hreppi frá fornu fari.

Jafnframt er friðlýst lögnum, sellátrum og varplöndum öllum með skírskotan til 15. gr. tilskipunar um veiði við Ísland frá 20. júní 1849.

Skrá um friðlýst æðarvörp og frekari upplýsingar um ofangreind málefni eru fyrir hendi á skrifstofu embættisins.

Sýslumaðurinn í Búðardal, 12. apríl 1995.

Ólafur Stefán Sigurðsson.